

Ed.

125. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá nefndinni.

1. Við 20. gr.

Fyrir »auða rönd seðilsins«, í síðustu málsg., komi:
auða röndin á seðlinum.

2. Við 22. gr.

Fyrir »í efra framhorni«, í síðari málsg., komi:
á efra framhorni.

3. Við 30. gr.

Fyrir »riti kjörstjórn, þingmannaefnin«, komi:
riti kjörstjórn og þingmannaefnin.

4. Við 33. gr.

Orðin »svo að hvergi sjer í hann auðan«, — falli burt.

5. Við 36. gr.

Fyrir »eða«, í 2. línu, komi:
nje.

6. Við 45. gr.

Fyrir »öðrum málslíð«, komi:
annari málsgrein.

7. Við 49. gr.

Fyrir »jafnstóra seðla«, komi:
samskonar seðla.

8. Við 65. gr.

Fyrir »10⁰/o«, í fyrri málsgr., komi:
nægilega marga seðla.

9. Við 67. gr.

- a. Fyrir »eða« í 2. málsgr., komi:
nje.
- b. Fyrir »meðtekið alla atkvæðakassana«, í 4. og 5. línu, 3. máls-
greinar, komi:
tekið við öllum atkvæðakössunum.
- c. Fyrir »forsigla« og »forsigluðu«, í sömu málsgr., komi:
innsigla — innsigluðu.

10. Við 70. gr.

Fyrir »við krossað«, komi:
krossað við.

11. Við 71. gr.

- a. Á eftir »nafn tölusetta«, í 7. málsgr., komi:
eða krossað við eitt nafn.
- b. Fyrir »meingallar«, síðast í sömu málsgr., komi:
gallar.

12. Við 72. gr.

Á eftir orðinu »þeirra«, í 13. línu, 3. málsgreinar, komi:
þingmanna og varaþingmanna.

13. Við 73. gr.

Aftan við greinina bætist:
Kosningarúrslitin skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.